

# Fornleifakönnun í landi Böðmóðsstaða í Laugardalshreppi, Árnessýslu



*Orrí Vésteinsson og Guðmunda Björnsdóttir*



*Reykjavík 2001  
Fornleifastofnun Íslands  
FS159-01111*



## **1. kafli. Inngangur**

Fyrir dyrum stendur að skipuleggja sumarhúsabyggð í landi Böðmódsstaða í Laugardalshreppi í Árnessýslu. Sumarhúsabyggðin er í norðurhorni jarðarinnar, við landamerkin á móts við Efstadal. Fyrir hönd landeigenda hafði Laugardalshreppur samaband við Fornleifastofnun Íslands snemma sumars 2001 og fór þess á leit að gerð yrði fornleifaskráning á jörðinni. Skráningin fór fram dagana 4. – 7. júlí 2001 og var gerð af Guðmundu Björnsdóttur undir stjórn Orra Vésteinssonar fornleifafræðings.

Helsti heimildarmaður var Árni Guðmundsson sem fæddur er að Böðmódsstöðum 1932. Aðrir heimildarmenn voru Hörður Guðmundsson og Hulda Karólína Harðardóttir, bæði búsett að Böðmódsstöðum, eru þeim færðar bestu þakkir.

## **2. kafli. Löggjöf um minjavernd**

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 11. grein þjóðminjalaga (nr. 107 2001), er skylt að "fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna."

Samkvæmt 10. grein laganna eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: "Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja ..." Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

**a.** búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna,

- bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mó gröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
  - c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
  - d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
  - e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
  - f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
  - g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;
  - h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
  - i. skipsflök eða hlutar úr þeim.
- Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef mannvistarleifar sem falla undir ofangreinda skilgreiningu finnast á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, þá þarf að leita heimildar til að hreyfa við þeim. Í 14. gr. þjóðminjalaga segir m.a. : "Nú telur ... sá sem stjórnar opinberum framkvæmdum, að hann þurfi að gera jarðrask, svo sem vegna vegagerðar, veitulagnar, framræslu eða skógræktar, er haggð geti við fornleifum og skal hann þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá því áður en hafist er handa við verkið. Lýst skal nákvæmlega breytingum þeim er af framkvæmd mundi leiða. Fornleifavernd ríkisins ákveður hvort og hvenær framkvæmd megi hefja og með hvaða skilmálum. Við allar meiri háttar framkvæmdir ... skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum."

### **3. kafli. Fyrri athuganir og staðhættir**

Talið er langt síðan farið var að búa á Böðmódsstöðum - þó ekki sé vitað hvenær. Í Jarðarbók Árna Magnússonar er biskupsstóllinn í Skálholti eigandi jarðarinnar og er hún þar nefnd Biamusstaðir en í afhendingabók stólsins er hún kölluð Bemóðzstaðir. (SB III, 70.) Í Árbók hins íslenska fornleifafélags árið 1923 er

greinagerð Hannesar Þorsteinssonar um bæjarnafn Böðmódsstaða og segir þar, „Mun því rétt að taka upp nafnið Bermódsstaðir, en láta Böðmódsstaði vera úr sögunni”(bls 29 – 29)

Áður en jörðinni var skipt taldi hún 660 ha. Hún er að fornu mati 22 hundraða jörð, flatlend mýrarjörð, grasi gróin með móaholtum. Í gegnum jörðina þvera liggur þurrlendismói. Jörðin afmarkast að mestu af þremur ám, þ.e. Brúará sem skilur hana frá Biskupstungum, Hagaósi, sem er á mótum hennar og Grímsnesshrepps og Hólaá að landi Laugardalshóla. Norðvesturhluti jarðarinnar liggur að landi Efstadals.

Á Böðmódsstöðum eru nú þrjú lögbýli: Böðmódsstaðir I sem er upphaflega býlið, Böðmódsstaðir II, nýbýli stofnað 1950 og Leynir, nýbýli stofnað 1957, sem standa öll í suðurhluta jarðarinnar. Áður stóð íbúðarhúsið að Böðmódsstöðum sunnar en núverandi íbúðarhús, en búið er að jafna rústir þess út og er þar nú gróðurreitur. (SB III, 71.)

Landareign Böðmódsstaða er slétt láglandi. Mannvirki hafa í gegnum tíðina fyrst og fremst verið reist á þurrlendinu, við móa sem liggur frá þjóðvegi í suður og kallast Langirimi. Á honum standa íbúðarhús syðst við Brúará. Ein undantekning er á þessu en það eru fjárhús sem stóðu á svokölluðu Húsholti, vestar á jörðinni.

Heimild er um býli nyrst á Langarima er nefndist Guðrúnarstaðir. Þar voru greinilegar tóftir sem rutt var burt að mestu er heimreiðin var endurnýjuð.

## 4. kafli. Fornleifakönnun.

### ÁR-402 Böðmóðstaðir


22 hdr. 1847, óviss 1708. Skálholtsstólsjörð. Jörðin nefnd Biamusstader í JÁM og Bemódzstader í afhendingarbókum stólsins. Á Böðmóðsstöðum eru nú þrjú lögbýli: Böðmóðsstaðir I, upphaflega býlið; Böðmóðsstaðir II, nýbýli stofnað 1950 á 7/16 hlutum jarðarinnar og Leynir, nýbýli stofnað 1955 á 7/64 hluta, að frádregnum túnum. SB III, 70-73.

1920: Tún 5,1 ha. Engar upplýsingar um sléttun. "Túninu er ekki óhætt fyrir leir og grjótaburði Brúarár, þó hefur það sjaldan að meini orðið. Engið er mestan part eyðilagt fyrir sandburði Brúarár, það sem til hennar veit, en hið mýrlenda er mestan part í hrjóstur komið.

Landþröng er mikil, so ábúandi nýtur góðvilja nábúa sinna árliga." JÁM II, 314. "[Jörðin]..er öll grasi gróin, flatlend mýrarjörð með móaholtum. Í gegnum jörðina þvera liggur þurrlendismói sem Langirimi

heitir...Böðmóðsstaðir

afmarkast að miklu leyti af þrem ám,..Brúará, sem aðskilur hana frá Biskupstungum, Hagaós, sem er á mótum hennar og Grímsneshrepps. Svo liggur jörðin aðeins upp með Hólaá..."SB III, 70



Kort 1. Túnamörk 1920

ÁR-402:001 Böðmóðsstaðir bæjarhóll bústaður 64°12,420N 20°33,511V

Bæjarhóll Böðmóðsstaða var um 150 m norðan Brúarár, sunnan við núverandi bæjarstæði.

Bæjarstæðið hefur verið sléttað og trjágróðri plantað umhverfis það.

Nú er minnisvarði um fyrri ábúendur þar sem baðstofa gamla bæjarins var áður. Ekki er hægt að tala um eiginlegan bæjarhól og erfitt að átta sig á aðstæðum þar sem svæðið er mikið raskað en svo virðist sem gamli bærinn hafi staðið á brún í brekkunni sem hallar í suður að Brúará en að norðan eru hús og malarheimreið að núverandi íbúðarhúsum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920



ÁR-402:002 heimild um útihús 64°12,463N 20°33,591V

Samkvæmt túnakorti var hesthús um 70 m norðaustur af bæjarhól, fast sunnan við núverandi hesthús.

Nú er svæðið sléttað.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-402:003** heimild um útihús

64°12,505N 20°33,323V

Um 220 m norðaustur af bæjarhól (001) um 30 m suðaustur af nýbýlinu Leyni voru útihús sem talið er að hafi verið sauðahús.

Fast norðan við er heimreið að Leyni en sunnan við er órækt.

Enn sést móta fyrir hól, um 30 x 20 m að stærð, sem snýr í norður - suður og rís um 1 m upp yfir umhverfið. Nú er á hólnum skúr sem grafinn hefur verið niður í hann.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920.

**ÁR-402:004** heimild um lambhús

64°12,487N 20°33,277V

Um 200 m austur af bæjarhól (001) um 40 m norður af Brúará var Lambhús.

Nú eru á þessum stað gróðurhús en umhverfis þau er órækt.

Svæðið er mikið raskað.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-402:005** Hof tóft

64°12,380N 20°33,567V


"Lýsingin hefst á túni við bæ...Niður við [Brúar]ána eru tóftir hringlaga, Hof.", segir í örnefnaskrá. Tóftin er um 80 m suðvestur af bæjarhól (001) og um 50 m norðan við Brúará.

Svæðið er slétt tún og trjárækt er umhverfis.

Tóftin er áberandi hringlaga, um 10 m í þvermál. Hún er niðurgráfin um 50 sm en utanfrá er hleðslan ógreinileg, mest um 30 sm há. Hleðslur eru mikið signar og því erfitt að greina þykkt veggja en mesta þykkt sjáanleg er um 1 m. Op hefur snúið í suðaustur. Innan í tóftinni er nokkuð slétt. Græðlingar hafa verið gróðursettir í tóftina nyrst.

**Hættumat:** hætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** Ö-Böðmódsstaðir, 1



**ÁR-402:006** heimild um mógrafir

64°12,331N 20°33,853V

"Neðar með [Brúar]ánni voru Mógrafir." segir í örnefnaskrá. Þær voru um 300 m vestur af bæjarhól (001), fast norðan við Brúará.

Svæðið er mikið raskað og nánast slétt tún.

Heimildarmaður Árni Guðmundsson skýrði frá því að á þessu svæði hafi verið tekinn mór í hans minni. Ekki sjást nein ummerki um mógrafirnar en svæðið er nú notað til að dysja búfénað og því mikið af beinum á svæðinu.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Böðmódsstaðir, 1

**ÁR-402:007** Húnbogagarður örnefni

64°12,464N 20°33,274V

"Húnbogagarður er austan við húsin. Þar er velgja í jörðu.", segir í örnefnaskrá. Þessi staður er um 200 m austur af bæjarhól 001 og um 30 m frá ánni, fast suðvestan við

Lambhól 004. Gróðurhús eru umhverfis svæðið en það sjálft er í órækt. Heitt vatn er á þessum stað er rennur í manngerða tjörn vestan þess.

**Heimildir:** Ö-Böðmódsstaðir, 1

**ÁR-402:008** *Hólmavað* heimild um vað 64°12,343N 20°33,354V

"Húnbogagarður er austan við húsin...Þar niður undan er hólmi í Brúará, Stórhólmi. Út af honum er vað á ánni, Hólmavað." segir í örnefnaskrá. Vaðið er um 130 m suðaustur af bæjarhól 001.

Svæðið er raskað og áin rennur nú öll sunnan hólmanes en norðanmegin hefur verið fyllt upp út að honum og gerð tjörn sem í rennur heitt vatn.

Á þessum stað er áin um 100 m breið. Norðanvið er rofbakki en að sunnan er bakkinn lágur og sendinn.

**Heimildir:** Ö-Böðmódsstaðir, 1

**ÁR-402:009** *Túnvað* heimild um vað 64°12,690N 20°33,461V

"Ofar [en Hólmavað] með ánni er Túnvað, ofan við það Túnhylur. Vestur frá vaðinu er Fjánhúsatún." segir í örnefnaskrá. Vaðið er um 500 m norðaustur af bæjarhól (001), austur af núverandi fjárhúsum sem eru suður af núverandi íbúðarhúsum.

Vestanmegin á vaðinu er allhár bakki, um 1.5 m en austanmegin er bakkinn lágur og sendinn. Grynningar eru greinilegar í ánni en hún er um 100 m breið á þessum stað. Í landi Böðmódsstaða lá gata í norðvestur frá vaðinu.

**Heimildir:** Ö-Böðmódsstaðir, 1

**ÁR-402:010** *Heimastavarða* heimild um samgöngubót 64°12,487N 20°33,277V

"Rétt við veginn gegnt Túnvaði [009] var varða, Heimastavarða." segir í örnefnaskrá. Varðan var um 350 m norður af bæjarhól þar sem nú er hlið frá heimreið að fjárhúsum.

Nú er malarvegur á þessum stað.

Varðan stóð nánast fyrir hliðinu miðju og var mikið notuð af krökkum á bænum þar sem hún var sætislöguð, og því tilvalinn hvíldarstaður á leið til og frá bæ. Vörðunni var rutt í burt er vegur var lagður að bænum.

**Heimildir:** Ö-Böðmódsstaðir, 2

**ÁR-402:011** *Guðrúnarstaðir* tóft býli

64°13,257N 20°35,107V

"Ásmundarhöfði er hól enn vestar við [Austur]mýrina ... Norðvestur af honum er gamalt eyðibýli, Guðrúnarstaðir, þar eru greinilegar tóftir." segir í örnefnaskrá. Bæjartóftin er um 10 m vestur af sumarhúsi í einkaeign er nefnist Guðrúnarstaðir, um 20 m austur af heimreið að Böðmódsstöðum. Tóftin er á greinilegum hól en umhverfis er mikil trjárækt.



Nú er á hólnum niðurgrafinn reitur og er dældin sögð vera að mestu eins og tóftin var, en henni var mikið raskað er heimreiðin að Böðmódsstöðum, er liggur vestan tóftarinnar, var endurnýjuð. Þegar reiturinn var grafinn komu í ljós hleðslur, sem tyrft var yfir.

**Hættumat:** stórhætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Böðmódsstaðir, 2




**ÁR-402:012** *Rimahús* heimild um fjárhús 64°12,979N 20°34,737V  
"Nær bæ [en Hræðuhólar] vestan vegar er Rimatún. Þar var Rimahús, gamalt fjárhús, nú horfið." segir í örnefnaskrá. Húsin voru á túni um 1,4 km norðvestur af bæjarhól 001 og um 50 m vestur af heimreið.  
Nú er þar sléttað tún og sjást engin merki um húsin..  
**Heimildir:** Ö-Böðmódsstaðir, 2

**ÁR-402:013** *Ósvað* heimild um vað 64°11,763N 20°35,933V  
"Vestan er svo Hólá og fellur í Hagaós, sem er afrennsli Apavatns. Yfir ósinn er vað, Ósvað." segir í örnefnaskrá. Vaðið er um 900 m norðvestur af HólmaVaði (015) og um 2,2 km austur af bæjarhól í Austurey (ÁR-412:001).  
Vaðið er fast suðvestan við ósinn og er áin um 150 m breið á þeim stað. Bakkinn austanmegin, í landi Böðmódsstaða, er mjög lágur, mest um 50 sm, en vestanmegin, í landi Austureyjar, er hann um 1 m. Framan við hann er mjög grunnt og sendið en annars er bakkinn grasi gróinn.  
**Heimildir:** Ö-Böðmódsstaðir, 3


**ÁR-402:014** *Hólmavað* heimild um vað 64°11,567N 20°34,941V  
"Í Brúará við Ósatanga er [Guðbjörns]hylur ... Enn ofar er Svartakelda ... Tanginn þar í suðaustur heitir Miðtangi. Á móti honum er Svartibakki í landi Syðri-Reykja ... Ofan til af honum er Hólmavað á Brúará." segir í örnefnaskrá. Vaðið er um 2 km suðvestur af bæjarhól 001 og um 600 m suðvestur af Húsholti 016.  
Bakkinn í landi Böðmódsstaða er allbrattur og þýfður en um 3 m eru frá honum að túni. Talsvert rof er í bakkanum. Sunnarlega, nálægt bakka í landi Syðri-Reykja er lítil malareyri um 20 x 5 m að stærð, en bakkinn sjálfur er sendinn. Um 1,5 m eru frá honum að túni. Áin er um 100 m breið á þessum stað.  
**Heimildir:** Ö-Böðmódsstaðir, 3

**ÁR-402:015** *Fjárhúsholt* fjárhústóft 64°11,880N 20°34,929V  
"Næsti tangi [við Miðtanga] er Austurtangi ... Ofan til við hann eru keldur út í ána, Vonduósar, stundum nefndir Vandósar. Vestur af þeim er Fjárhúsholt, oftast nefnt Húsholt." segir í örnefnaskrá. Holtið er um 1,5 km vestur af bæjarhól 001. Vegur 017 liggur frá frá bænum til vestur, yfir holtið og áfram að Miðtanga. Tóftin er norðan við veginn. Svæðið norðanmegin í holtinu er áberandi stórþýft en sunnanvið er nokkuð slétt.  
Tóftin er um 14 x 8 m að stærð og snýr í suðvestur - norðaustur. Skammhliðar eru jafnar umhverfinu en hleðslur langhliðar eru um 0,5 m á hæð utanfrá en innanfrá er hleðsluhæð um 1 m á öllum veggjum. Hvorki sést móta fyrir garða né opi. Sunnar í holtinu er hóll er minnir um margt á mikið signar tóftir, um 10 x 6 m að stærð.



**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Ö-Böðmódsstaðir, 3

**ÁR-402:016** heimild um leið 64°11,880N 20°34,929V  
"Frá Húsholti [016] heim að túni var Brún. Þar var lestarvegur." segir í örnefnaskrá. Jeppafær moldarslóði liggur frá bæ um Húsholt og niður að Óstanga. Hann er á sama stað og lestarvegurinn var fyrrum.  
**Heimildir:** Ö-Böðmódsstaðir, 4



**Kort 2. Minjastaðir.**

**ÁR-402:017** *Engjagötur* heimild um leið

"Engjagötur voru djúpar götur frá bænum norðvestur Langarima upp á Rimateig. Nú eru þær horfnar." segir í örnefnaskrá. Vegurinn frá þjóðvegi að bæ var lagður á sama svæði og göturnar lágu en engin merki sjást um þær lengur.

**Heimildir:** Ö-Bøðmóðsstaðir, 4

**ÁR-402:018** *Stekkatún* örnefni stekkur

64°12,406N 20°33,671V

"Undir brekkunni í túninu vestan við bæinn var Stekkatún. Það er horfið [?]...", segir í örnefnaskrá. Túnið var um 130 m vestan við bæjarhól 001.

Austan svæðisins er tún með trjárækt, sunnan eru íbúðarhús en norðanmegin er fjós. Talsverð bleyta er vestast á svæðinu.

Svæðið er sléttað og mikið raskað og eins og segir í örnefnaskrá, er túnið nánast horfið.

**Heimildir:** Ö-Bøðmóðsstaðir, 4

## 5. kafli. Niðurstöður

Alls voru skráðir 18 minjastaðir í landareign Böðmódsstaða í Laugardal. Af þeim eru 10 í og við hið forna tún Böðmódsstaða, sunnan við fyrirhugað framkvæmdasvæði. Á framkvæmdasvæðinu sjálfu er skráður einn minjastaður, Guðrúnarstaðir (**011**), á sumarhúsalóð númer tvö þar sem nú þegar hefur verið byggt sumarhús og hefur bæjarrústin verið skemmd mikið við framkvæmdir því tengdum.

Auk Guðrúnarstaða eru merkustu fornleifar að Böðmódsstöðum bæjarstæðið sjálft (**001**) og tóft sem kölluð er Hof (**005**) og er um 80 m suðvestur af bæjarstæðinu. Bæjarstæðið hefur verið sléttað og yngstu leifarnar sennilega skemmdar mikið en líklegt má teljast að þar geymist minjar um búsetu manna um árhundruð undir sverði. Hoftóftin er greinileg en engar heimildir eru til um sögu hennar eða um heiðið helgihald á Böðmódsstöðum. Mikilvægt er að þess sé gætt að þeim stað verði ekki raskað þó segja megi að nú þegar sé hann í uppnámi vegna skógræktar.

Aðrar fornleifar eru útihús sem hafa verið sléttuð (**002, 003, 004, 012, 018**), fjögur vöð (**008, 009, 013, 014**), þrjú á Brúará og eitt við Hagaós, og tvær leiðir (**016, 017**). Aðeins einn minjastaður er óraskaður annar en Hofið en það eru fjárhús (**015**) á Húsholti. Fjárhúsin eru fjarri fyrirhuguðu framkvæmdasvæði en mikilsvert er að þess verði gætt í framtíðinni að þeim verði ekki spillt af vangá þar sem vegur liggur sunnan þeirra.

Fyrir utan Guðrúnarstaði eru engar fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði en þar fyrir utan er tóft af svokölluðu Hofi í uppnámi vegna trjáræktar.

Nauðsynlegt er að eigendur lóðar Guðrúnarstaða hafi samráð við Fornleifavernd rískisins um umgengni við tóft fornþýlisins svo að tryggt sé að hún sé í samræmi við lög og að þau verði ekki brotin frekar en orðið er.

## **6. kafli.** *Heimildir*

**JÁM II:** *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Árnessýsla. II bindi.*  
Kaupmannahöfn, 1918-21.

**JJ:** Johnsen, J. *Jarðatal á Íslandi.* Kaupmannahöfn, 1847.

**SB III:** *Sunnlenskar byggðir. Laugardalur, Grímsnes, Þingvallasveit, Grafningur, Ölfus, Hveragerði og Selvogur. III bindi.* [útgáfustað vantar], 1983.

**Ö-Böðmódsstaðir:** Örnefni á Böðmódsstöðum. Haraldur Finnsson skráði.  
Örnefnstofnun.